



Matís ohf.

Ársreikningur 2020

Matís ohf.
670906-0190
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík



Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	bls. 3		
Áritun ríkisendurskoðanda	5	Efnahagsreikningur	bls. 9
Áritun óháðs endurskoðanda	6	Yfirlit um sjóðstreymi	10
Rekstrarreikningur	8	Skýringar	11

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra á ársreikninginn

Félagið var stofnað árið 2006 á grundvelli laga nr. 68/2006. Matis er þekkingar- og rannsóknafyrirtæki og sinnir umfangsmiklum rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla og líftækni í þágu atvinnulífsins, matvælaöryggis og lýðheilsu. Stefna og framtíðarsýn Matis byggist á því, að vera framsækið þekkingarfyrirtæki sem eflir samkeppnishæfni og sjálfbærni matvælaframleiðslu á Íslandi, skila íslensku samfélagi verðmætum afurðum með samstarfi og þjónustu við atvinnulífið, styðja íslensk yfirvöld í að tryggja öryggi og heilnæmi matvæla, byggja upp starfsstöðvar á landsbyggðinni, auka verðmætasköpun um allt land, vera eftirsóttur samstarfs- og þjónustuaðili fyrirtækja og stofnana og að vera eftirsóknaverður, krefjandi og spennandi vinnustaður með fyrsta flokks aðstöðu þar sem starfsmenn njóta sín í starfi. Starfsemi Matis er fjármögnuð með þjónustusamningi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR), verkefnum fyrir ýmsar aðrar opinberar stofnanir og eftirlitsaðila, ráðgjafaverkefnum, þjónustumælingum og rannsókn- og nýsköpunarverkefnum úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Matis er með starfsemi víðsvegar um Ísland og skiptist kjarnastarfsemi fyrirtækisins í fimm svið: rekstur, fagsvið, matvælaöryggi, lýðheilsa og virðisaukning.

Hagnaður varð af rekstri félagsins fyrir árið 2020 að fjárhæð 30,8 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember námu heildareignir félagsins 1.015,1 milljónum króna og bókfært eigið fé nam 293,7 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Ársverk hjá Matis á árinu 2020 voru 96 þar af konur 56 og karlar 40.

Það er markmið stjórnar Matis að skila hallalausum og traustum rekstri. Síðastliðin tvö ár hefur það markmið náðst að skila jákvæðum rekstri, eiginfjárstaðan er einnig traust, auk þess eins og undafarin ár eru engar vaxtaberandi skuldir hjá félaginu. Í áætlun ársins 2021 er einnig ráðgert að reksturinn skili svipaðri jákvæðri afkomu og á árinu 2020. Matis er í lögum ætlað viðamikil hlutverk á sviði matvæla og árið 2020 lagði stjórn áherslu á góða yfirsýn yfir skiptingu verkefna á milli nýsköpunar, rannsókna, lýðheilsu og matvælaöryggis og hafa verið í gangi allt síðast liðið ár skipulagsbreytingar hjá félaginu í því skyni. Auk hefðbundins reksturs einkenndist starfið af viðbrögðum við heimsfaraldri og því að finna leiðir til að halda uppi starfsemi við þær krefjandi aðstæður. Áhrif Covid-19 heimsfaraldursins höfðu sem betur fer lítil áhrif á rekstrarafkomu Matis, ekki þurfti að leita leiða til að draga úr umsvifum eða sækja þá opinberu fjárhagslegu aðstoð sem stóð til boða. Það tókst að ljúka við rannsóknaverkefni á árinu 2020, eins og til stóð. Hins vegar var allt gert til þess að tryggja öryggi starfsmanna, húsnæðinu var skipt upp í sóttvarnarhólf og þeir starfsmenn sem höfðu tök á vinna fjarvinnu gerðu það.

Gerður var nýr þjónustusamningur á árinu við ráðuneytið til þriggja ára sem gildir frá 1. desember 2020 til 31. desember 2023. Með þessum samningi er Matis tryggður nauðsynlegur stöðugleiki, sem einnig gerir félaginu kleift að gera áætlanir með minni óvissu til lengri tíma. Einnig var undirritaður sérstakur samningur við ráðuneytið um uppbyggingu Matis á landsbyggðinni. Markmið samningsins er meðal annars að færa starfsemi Matis nær viðskiptavinunum og bæta verðmætasköpun í framtíðinni með aukinni nýsköpun. Í framhaldi af því hefur verið ráðist í eflingu starfsstöðva, einkum í Neskaupstað og á Akureyri.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra á ársreikninginn frh.:

Áherslur og verkefni Matis stuðla að því að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verði náð. Af markmiðunum 17 eru einkum eftirfarandi markmið sem starfsemi Matis tengist: Góð atvinna og hagvöxtur, þar sem stuðlað er að sjálfbærum hagvexti og arðbærum atvinnutækifærum, aukinni framleiðni í atvinnulífinu náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun. Nýsköpun og uppbygging, þar er stutt við atvinnuvegi og framþróun. Ábyrg neysla og framleiðsla, þar er unnið að því að tryggja sjálfbært framleiðslumynstur og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda, og dregið úr sóun matvæla. Líf í vatni, þar er stuðlað að verndun hafsins og að auðlindir þess séu nýttar á sjálfbæran hátt með vísindalegri þekkingu. Líf á landi, þar er unnið að verndun landsins og auðlindum þess á sjálfbæran hátt og einnig með vísindalegri þekkingu.

Stjórn Matis leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum í starfsemi félagsins sem tryggir fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Þá hefur stjórn Matis sett sér starfsreglur og siðareglur til þess að vinna eftir.

Í stjórn félagsins eru sjö stjórnarmenn og þar af þrjár konur. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2021 vegna ársins 2020, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Hlutfé félagsins nemur 150 milljónum króna og er allt í eigu ríkissjóðs

Stjórn félagsins og forstjóri staðfesta hér með ársreikninginn fyrir árið 2020 með undirritun sinni.



Hákon Stefánsson

Í stjórn Matis ohf.:

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sigrún Traustadóttir
Kt. 2509623129
Dags. 27.5.2021 12:08:48
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sindri Karl Sigurðsson
Kt. 2003704819
Dags. 2.6.2021 09:43:27
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hinnrik Þór Harðarson
Kt. 2709733969
Dags. 8.6.2021 16:30:17
Ástæða: Undirritun



RAFRÆNT UNDIRRITAD
Helga Sigurrós Valgelsdóttir
Kt. 2407795019
Dags. 27.5.2021 14:37:25
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Oddur Már Gunnarsson
Kt. 0112595889
Dags. 2.6.2021 10:09:12
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sigmundur Einar Ófeigsson
Kt. 2004582309
Dags. 31.5.2021 12:58:06
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Drífa Kristín Sigurðardóttir
Kt. 1301783169
Dags. 4.6.2021 20:30:42
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Arnar Árnason
Kt. 0808743249
Dags. 1.6.2021 11:48:50
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Skúll Eggert Þórðarson
Kt. 1702532649
Dags. 8.6.2021 11:00:45
Ástæða: Undirritun

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Matis ohf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun,

Skúli Eggert Þórðarsson
ríkisendurskoðandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Matís ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Matís ohf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Matís ohf. 31. desember 2020, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Matís ohf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Matís ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggtrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun,

Hinrik Þór Harðarson
endurskoðandi



Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur:			
Seld þjónusta	3	<u>1.688.992.724</u>	<u>1.673.429.064</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4	1.038.788.431	1.035.048.839
Annar rekstrarkostnaður	5	562.062.931	567.363.804
Afskriftir	7,8	<u>43.079.268</u>	<u>50.151.565</u>
		<u>1.643.930.630</u>	<u>1.652.564.208</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		45.062.094	20.864.856
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	<u>(6.516.173)</u>	<u>(3.208.393)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		38.545.921	17.656.463
Tekjuskattur	11	<u>(7.712.764)</u>	<u>(3.534.793)</u>
Hagnaður ársins		<u>30.833.157</u>	<u>14.121.670</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir			
	Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir:			
Óefnislegar eignir	7	18.001.998	8.558.507
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	170.069.333	145.556.897
Eignarhlutar í öðrum félögum		1.820.000	1.820.000
Skatteign	11	0	1.397.914
Fastafjármunir		<u>189.891.331</u>	<u>157.333.318</u>
Veltufjármunir:			
Vörslusjóður samstarfsverkefna	13	30.698.627	84.751.155
Viðskiptakröfur, almennar	9	53.978.524	125.537.009
Viðskiptakröfur, verkefni		485.340.063	355.761.087
Fyrirframgreiddur kostnaður		201.071	490.938
Handbært fé		255.038.727	204.767.253
Veltufjármunir		<u>825.257.012</u>	<u>771.307.442</u>
Eignir samtals		<u><u>1.015.148.344</u></u>	<u><u>928.640.760</u></u>
Eigið fé og skuldir			
	Skýr.	2020	2019
Eigið fé:			
Hlutfé		150.000.000	150.000.000
Yfirverðsreikningur		4.948.160	4.948.160
Lögbundinn varasjóður		5.412.276	2.328.960
Óráðstafað eigið fé		133.383.153	105.633.311
Eigið fé samtals	10	<u>293.743.589</u>	<u>262.910.431</u>
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	11	2.086.509	0
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		59.562.023	73.385.188
Fyrirfram innheimtar tekjur	12	424.016.314	334.151.515
Vörslusjóður samstarfsverkefna	13	30.698.627	84.751.155
Aðrar skammtímaskuldir	14	205.041.281	173.442.469
		<u>719.318.245</u>	<u>665.730.327</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>721.404.754</u>	<u>665.730.327</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.015.148.344</u></u>	<u><u>928.640.760</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar:			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		30.833.157	14.121.670
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		43.079.269	50.151.567
Breyting á áunnu orlofi		14.296.907	(3.944.260)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	(3.187.346)	(2.435.127)
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu		2.086.509	0
Breyting á skatteign		1.397.914	819.816
Leiðrétting eigin fjár 1/1		0	916.961
		<u>88.506.410</u>	<u>59.630.627</u>
Breyting rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur	(56.505.512)	(120.538.313)
Vörslusjóður verkefna		54.052.528	(18.015.024)
Afskriftareikningur viðskiptakrafna	(1.514.980)	0
Aðrar skammtímakröfur		289.867	2.092.866
Breyting rekstartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir	(13.823.165)	(12.237.176)
Vörslusjóður verkefna	(54.052.528)	18.015.024
Fyrirframinnheimtar tekjur		89.864.799	118.244.918
Aðrar skammtímaskuldir		20.489.251	21.862.970
		<u>38.800.260</u>	<u>9.425.265</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>127.306.670</u>	<u>69.055.892</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(61.917.602)	(16.119.687)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(15.117.594)	0
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>77.035.196)</u>	<u>(16.119.687)</u>
Hækkun á handbæru fé		<u>50.271.474</u>	<u>52.936.205</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>204.767.253</u>	<u>151.831.049</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>255.038.727</u>	<u>204.767.253</u>

1. Félagið, almennar upplýsingar

Matis ohf. er íslenskt opinbert hlutafélag og var stofnað á grundvelli laga nr. 68 frá 2006, lög um stofnun Matvælarannsóknna hf. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og reka aðra skylda starfsemi. Höfuðstöðvar þess eru að Vínlandsleið 12 í Reykjavík. Matis er jafnframt með fjórar starfstöðvar úti á landi, á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupsstað og í Vestmannaeyjum.

2. Reikningsskilaaðferðir og grundvöllur reikningsskilanna

- a. Ársreikningur Matis ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

b. Matsaðferðir

Viðskiptakröfur og verkefni í vinnslu eru eignfærð á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Matið er framkvæmt af stjórnendum Matis. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar úr bókum Matis.

c. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi uppgjörsdags.

d. Innlausn tekna

Allar tekjur eru færðar rafrænt. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar mánaðarlega og reikningsfærðar í lok hvers mánaðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur vegna rannsóknverkefna eru færðar í rekstrarreikning ársfjórðungslega miðað við áfangaskil eða skuldbindingu Matis í verkinu. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

e. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samanstanda af vaxtagjöldum, verðbótum og öðrum kostnaði vegna lána sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af eignum og gengismun af erlendum gjaldmiðlum.

f. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar hann fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á árciðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar, frh.:

f. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rannsóknatæki	3 - 5 ár
Áhöld og tæki	3 - 4 ár
Innréttingar	5 ár

g. Eignarhlutir í dótturfélögum og öðrum félögum

Eignarhlutir í dótturfélagi og öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði.

h. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

i. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

j. Til tengdra aðila teljast dótturfélög, starfsmenn og stjórn.

3. Seld þjónusta greinist þannig:

	2020	2019
Þjónustusamn. við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	401.700.000	399.500.004
Erlendir sjóðir og fyrirtæki	660.750.894	547.739.970
Innlendir sjóðir og opinberir aðilar	324.011.553	407.192.964
Innlend fyrirtæki og aðrar tekjur	302.530.278	318.996.126
	<u>1.688.992.724</u>	<u>1.673.429.064</u>

Skýringar, frh.:

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019	
Laun	832.537.654	834.563.913	
Launatengd gjöld	206.250.777	200.484.926	
	1.038.788.431	1.035.048.839	
Starfsmenn, ársverk	96,0	97,4	
Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu á árinu í millj. kr.	31,6	36,7	
5. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:			
Beinn rekstarkostnaður við verkefni án launakostnaðar	216.327.990	237.172.940	
Rekstur húsnæðis	196.685.091	181.490.771	
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	149.049.850	148.700.094	
	562.062.931	567.363.804	
6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:			
Fjármunatekjur	1.306.678	2.621.475	
Fjármagnsgjöld	(1.757.102)	(1.618.452)	
Gengismunur	(6.065.749)	(4.211.416)	
	(6.516.173)	(3.208.393)	
7. Óefnislegar eignir greinast þannig:			
	Einkaleyfi	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð í byrjun árs	213.537	28.164.078	28.377.615
Keypt á árinu	0	15.117.594	15.117.594
Heildarverð í lok árs	213.537	43.281.672	43.495.209
Afskrifað í byrjun árs	213.537	19.605.571	19.819.108
Afskrifað á árinu	0	5.674.103	5.674.103
Afskrifað í lok árs	213.537	25.279.674	25.493.211
Bókfært verð í lok árs	0	18.001.998	18.001.999
Afskriftahlutföll	25%	20%	

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Rannsóknartæki	Innréttingar	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð í byrjun árs	777.747.189	14.053.463	12.272.845	804.073.497
Keypt á árinu	59.522.908	1.343.816	1.050.877	61.917.601
Heildarverð í lok árs	837.270.097	15.397.279	13.323.722	865.991.098
Afskrifað í byrjun árs	638.596.747	10.678.518	9.241.335	658.516.600
Afskrifað á árinu	35.078.241	1.161.032	1.165.893	37.405.165
Afskrifað í lok árs	673.674.988	11.839.550	10.407.228	695.921.765
Bókfært verð í lok árs	163.595.109	3.557.729	2.916.494	170.069.333

Afskriftahlutföll 20-30% 20% 20-30%

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2020 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Vátryggingarverðmæti rannsóknatækja, véla og búnaðar 1.106.916.410

9. Viðskiptakröfur greinast þannig:

	2020	2019
Erlendir viðskiptamenn	7.451.289	21.263.765
Innlendir viðskiptamenn	53.836.496	113.529.777
Tengdir aðilar	432.292	0
Afskriftarreikningur viðskiptakrafna	(7.741.553)	(9.256.533)
	53.978.524	125.537.009

10. Eigið fé:

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 150 milljónir króna og er það allt í eigu ríkissjóðs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í byrjun árs	150.000.000	4.948.160	2.328.960	105.633.311	262.910.431
Hagnaður ársins				30.833.157	30.833.157
Tillag í varasjóð			3.083.316	(3.083.316)	
Eigið fé í lok ársins	150.000.000	4.948.160	5.412.276	133.383.152	293.743.588

Skýringar, frh.:

11. (Tekjuskattsskuldbinding) skatteign félagsins greinist þannig:	2020	2019
Skatteign í ársbyrjun	1.397.914	2.217.730
Reiknaður tekjuskattur ársins	(7.712.764)	(3.534.793)
Tekjuskattur til greiðslu	4.228.341	2.714.976
(Tekjuskattsskuldbinding) skatteign í lok árs	(2.086.509)	1.397.913

(Tekjuskattsskuldbinding) skatteign félagsins skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Varanlegir rekstrarfjármunir	664.515	4.269.936
Viðskiptakröfur	(3.840.552)	(2.961.674)
Dreifing gengismunar skv. skattalögum	1.089.528	89.652
(Tekjuskattsskuldbinding) skatteign í lok árs	(2.086.509)	1.397.914

12. Fyrirfram innheimtar tekjur:

Fyrirfram innheimtar tekjur samanstanda af styrkjum vegna verkefna, sem eru greiddir fyrirfram sem tekjufærast síðar miðað við framgang verkefnanna.

13. Vörslusjóðir samstarfsverkefna:

Vörslusjóðir samstarfsverkefna eru erlendar og innlendar styrkgreiðslur, sem Matis móttekur og heldur utan um og eru geymdir á sérstökum bankareikningum sem eru ekki hluti af handbæru fé. Þessum styrkgreiðslum er ráðstafað til samstarfsaðila eftir því sem áföngum er náð í verkefnum og reglur sjóðanna kveða um.

14. Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2020	2019
Áfallin orlofsskuldbinding	122.541.884	108.244.977
Launaliðir - Ríkisskattjóri	45.487.352	22.968.743
Lífeyrissjóðs- og stéttarfélagsgjöld vegna starfsmanna	20.514.618	18.629.420
Virðisaukaskattur	12.269.086	20.884.352
Ýmsar aðrar skuldir	4.228.341	2.714.977
	205.041.281	173.442.469

15. Helstu kennitölur félagsins

Veltufjórhlutfall	1,15	1,16
Eiginfjórhlutfall	29%	28%
EBITDA	88.141.362	71.016.421
Arðsemi eigin fjár	11,1%	5,5%